

Fréttabréf



Landssamband veiðifélaga.

Fréttabréf nr. 139 13. desember 2018

Aðalfundur LV 2019

Aðalfundur Landssambands veiðifélaga árið 2019 verður haldinn að **Hótel Laugarbakka, Miðfirði, dagana 7. – 8. júní nk.**

Fundurinn verður með hefðbundnu aðalfundarsniði og verður auglýstur nánar síðar.

Virði lax- og silungsveiða á Íslandi

Skýrsla um virði lax- og silungsveiði á Íslandi er komin út. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands vann skýrsluna, að ósk Landssambands veiðifélaga, og í henni er lagt mat á efnahagslegt virði stangveiða.

Í skýrslunni kemur m.a. fram að tekjur af lax- og silungsveiðum hafa margfaldast frá því að Hagfræðistofnun kannaði efnahagsleg áhrif lax- og silungsveiða árið 2004. Greiðslur stangveiðimanna til veiðiréttarhafa voru um 1.150 milljónir kr. árið 2004 en 4.900 milljónir kr. 2018. Greiðslurnar meira en tvöfölduðust að raunvirði (120%) miðað við breytingar á Vísitölu neysliverðs frá 2004 til 2018 og þær hækkuðu um 61% umfram laun á sama tíma. Að jafnaði jukust greiðslurnar um 5,8% á ári umfram neysliverð og um tæp 3,4% á ári umfram kaupmátt launa.

Skýrsluna í heild sinni má sjá á angling.is

Bráðabirgðatölur fyrir stangveiði á laxi sumarið 2018

Hafrannsóknastofnun; Rannsókn- og ráðgjafastofnun hafs og vatna, hefur birt bráðabirgðatölur um stangveidda laxa sumarið 2017. Eftirfarandi upplýsingar má sjá á heimasíðu hennar; ***hafogvatn.is*** - ásamt skýringarmyndum, sem ekki er unnt að birta hér vegna takmarkaðs rýmis.

„Heildar fjöldi veiddra laxa sumarið 2018 var um 46.000 fiskar, sem er litlu minna en veiddist sumarið 2017 og yfir meðalveiði sl. 44 ára. Í öllum landshlutum varð aukning frá árinu á undan, að Norðurlandi frátöldu, þar sem veiði minnkaði frá 2017.

Laxveiðitímabilinu er nú lokið í flestum ám landsins (11. október). Enn er þó veitt í ám þar sem uppistaðan í veiðinni er lax úr sleppingum gönguseiða, en þar stendur veiði til 20. október. Bráðabirgðatölur yfir stangveiði á laxi sýna að alls veiddust um 46.000

laxar sem er um 9% yfir langtímameðaltali áráanna 1974-2017. Veiðin 2018 var um 650 löxum minni en hún var 2017. Í tölum um heildarlaxveiði eru taldir villtir laxar, laxar sem upprunnir eru úr sleppingum gönguseiða og einnig þeir laxar sem er sleppt aftur í stangveiði (veitt og sleppt).

Laxar úr gönguseiðasleppingum eru viðbót við náttúrulega framleiðslu áanna og þegar veitt er og sleppt í stangveiði veiðast sumir fiskar oftar en einu sinni. Þegar litið er til veiða á villtum laxi að teknu tilliti til endurveiddra laxa er líklegt að heildarstangveiðin hefði orðið um 31.000 laxar, sem er undir meðalveiði villtra laxa. Veiði í ám á Suðvesturlandi (Reykjanes), Vesturlandi, Vestfjörðum og Austfjörðum var meiri en árið 2017, en hélst svipuð á Suðurlandi. Veiði dróst saman á Norðurlandi eystra og Norðurlandi vestra. Laxveiðin sumarið 2018 var fremur jöfn yfir veiðitímam og aðstæður til veiða almennt góðar.

Vísbendingar eru um að minni laxgengd á Norðurlandi megi rekja til lítils hrygningarárgangs 2012. Sá árgangur hefur mælst liðfár í seiðamælingum og einnig við sjávargöngu þess árgangs vorið 2017. Það er sá árgangur sem var undirstaðan undir smálaxaveiði á Norðurlandi sumarið 2018.

Dánartala laxa í sjó hefur hækkað við Norður-Atlantshaf á síðustu áratugum. Ástæður þess eru ekki þekktar og mikilvægt að leita frekari svara við því. Þegar dánartala hækkar ná færri fiskar sem ganga út sem gönguseiði að snúa til baka sem fullorðinn lax. Vísbendingar um að seiðaframleiðsla í ám hér á landi hafi almennt aukist, sem vegur á móti lægri endurheimtum. Aukningu í þéttleika seiða má að talsverðu leyti rekja til aukins fjölda laxa sem sleppt er í stangveiði sem skilar stærri hrygningarstofnum að hausti.“

Fundargerð stjórnarfundar LV 10. desember 2018.

„Fundarsetning. Jón Helgi Björnsson, formaður LV, setti fund og bauð alla velkomna til fundar. Þar voru auk hans stjórnarmennirnir; Jón Egilsson, Þráinn B. Jónsson, Stefán Már Gunnlaugsson og Jón Benediktsson, ásamt Árna Snæbjörnssyni framkvæmdastjóra. Formaður stjórnaði fundi en fundargerð ritaði Jón Benediktsson.

Fundargerðir stjórnarfundar frá 7. og 9. júní 2018. Lagðar voru fram og undirritaðar fundargerðir þessara fundar.

Fjárhagur LV. Framkvæmdastjóri greindi frá fjárhagsstöðu samtakanna, innheimtu árgjalda og áætlaðri stöðu um næstu áramót. Afkoma félagsins á rekstri er jákvæð. Innheimta árgjalda gengur eðlilega.

Ályktanir aðalfundar 2018. Afgreiðsla. A) Ályktun um laxeldi í opnum sjókvíum var send Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og Umhverfis- og auðlindaráðuneyti. B) Ályktun um áhættumat vegna sjókvíaeldis var send Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og Umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Í ályktuninni er lögð hersla á að áhættumat Hafrannsóknarstofnunar verði fest í sessi sem stjórnþæki hið fyrsta.

C) Refsing fyrir ólöglegar veiðar. Ályktuninni var beint til stjórnar. Er þar til athugunar og vinnslu. D) Notkun dróna. Er til athugunar og vinnslu hjá stjórn LV. E) Boðun félagsfunda. Stjórn LV hefur ályktunina til vinnslu. F) Sótthreinsun veiðibúnaðar. Ályktuninni var beint til stjórnar LV sem fylgst hefur með því hvernig staðið sé að sóttthreinsuninni. Sbr. samskipti við MAST. G) Filtsólar og smitleiðir. Ályktunin er til vinnslu hjá stjórn LV. F) Ályktun um umhverfi veiðivatna var beint til LV og leggur ályktunin herslu á mikilvægi góðrar umgengni við veiðivötn og að LV hvetji veiðifélög, landeigendur og aðra er að vötnunum koma til góðrar umgengni.

Í framhaldi af ályktun F) var rætt um selveiðar í ósum veiðiaá en stofn landsela er mjög minnkandi og virðist þörf fyrir aðgát við þær veiðar. Stjórnin ákvað að beina til veiðifélaga tilmælum þess efnis.

Þeim ályktunum sem beint hefur verið til stjórnvalda hafa formaður og framkvæmdastjóri fylgt eftir svo sem kostur er.

Heimasíða LV og farsímavæðing. Lögð voru fyrir fundinn bréf frá LV til Björns Theódórssonar og bréf milli hans og Jóns Trausta Snorrasonar um endurnýjun og farsímavæðingu heimasíðu LV. Ljóst er að heimasíðuna verður að endurnýja áður en langt um líður, m.a. vegna tæknibreytinga. Gróf verðáætlun liggur fyrir en talsverða hugmyndavinnu af hálfu LV þarf til að móta nýja síðu. Ákveðið var að fela þeim Jóni Helga og Stefáni Má að móta tillögur um gerð nýrrar heimasíðu.

Kynnt og rædd niðurstaða athugunar á kostnaði við bókhaldspjónustu. Vegna athugasemda sem fram komu á aðalfundi var kostnaður af bókhaldi og reikningsuppgjöri LV tekinn til athugunar. Fyrir liggur að gjaldið mun lækka, en nánari útfærsla verður ljós síðar.

Kynnt var bréf LV 14. 06. 2018 til MAST v. sóttthreinsunar veiðibúnaðar. Bréf þetta var svar við bréfi MAST um þetta efni dags. 03.05. 2018. Í svarbréfinu kemur fram afstaða aðalfundar LV til málsins.

Kynnt og rætt bréf LV til Hafrannsóknarstofnunar dags. 27.08. 2018 með ósk um upplýsingar v. tilraunaeldis í Ísafjarðardjúpi. Í bréfi þessu er m.a. bent á að líklega mætti sækja þá þekkingu sem þarna er ætlað að afla til Noregs og tilraunirnar því óþarfar. Einnig er spurst fyrir um ýmsa þætti er varða fyrirhugaðar tilraunir.

Kynnt og rætt svar Hafrannsóknastofnunar við bréfi LV 14.06. 2018. Í svarinu er farið yfir athugasemdir og fyrirspurnir LV vegna tilraunaeldisins. Stjórnin lýsir vonbrigðum með svárið en ekkert kemur þar fram sem breyti skoðunum LV á þessu tilraunaeldi.

Kynnt fréttatilkynning LV vegna tilraunaeldis með frjóan lax í Ísafjarðardjúpi.

Kynnt bréf LV dags. 18.09. 2018 til ráðherra Umhverfis- og auðlindamála. Í bréfi þessu er óskað eftir svári við bréfi LV dags. 04.06. 2018 vegna málsmeðferðar Skipulagsstofnunar varðandi laxeldi í Ísafjarðardjúpi. Sjá einnig síðar.

Kynnt bréf LV til MAST dags. 02.10. 2018. Í bréfinu er þess krafist að rannsakaður verði erfðafræðilega uppruni þeirra eldislaxa sem veiðst hafa í íslenskum ám nú í sumar. Svar hefur ekki borist en svo virðist að rannsókn sé samt sem áður í gangi.

Kynnt var fréttatilkynning LV frá 10. október 2018. Í tilkynningunni er lýst vonbrigðum LV með nýlega breytingu á lögum um fiskeldi og varað við þeirri tilhneigingu að sé nægilegum pólitískum þrýstingi beitt víki umhverfisverndin alltaf.

Kynnt bréf LV til ráðherra Umhverfis- og auðlindamála. Í bréfinu er í annað sinn ítrekuð krafa um svar við bréfi LV frá 4. júní 2018. (Sjá einnig aðra dagskrárlíði.) Hafi ekki borist svar innan þriggja vikna telur LV óhjákvæmilegt að leita álits Umboðsmanns Alþingis á málsmeðferð ráðuneytisins.

Kynnt og rætt bréf LV til Skipulagsstofnunar dags. 01.11. 2018. Í bréfi þessu er óskað skýringa á viðbrögðum Skipulagsstofnunar eftir að Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála felldi úr gildi starfsleyfi tveggja fiskeldisfyrirtækja. Svar við bréfinu dags. 27.nóv. hefur loks borist og eru þar skýrðar forsendur stofnunarinnar og svo virðist að umhverfismatsferill verði opnaður á ný.

Rædd umsögn LV vegna leyfisveitingar fyrir seiðaeldisstöðvar á Nauteyri við Ísafjarðardjúp. Stjórn LV gerir ekki athugasemdir við leyfisveitinguna.

Frá UST: Tillaga að starfsleyfi fyrir Samherja í Öxarfirði. Stjórn LV telur mikilvægt að tryggja, svo sem mögulegt er, að ekki sleppi fiskur frá eldisstöðinni en gerir ekki aðrar athugasemdir.

Drög að bréfi til ANR. Lögð fram drög að bréfi til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins þar sem vakin er athygli á mögulegri smithættu af norskum brunnbátum sem fluttir eru notaðir hingað til lands.

Kynnt og rædd nýútkomin skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um virði stangaveiði á Íslandi. Skýrsla þessi, sem gerð er að beiðni LV, greinir á vandaðan hátt frá þeim hagsmunum sem tengdir eru stangaveiði á Íslandi. Stjórnin lýsir ánægju sinni með skýrsluna.

Lagt fram og rætt bréf frá Birni Theódórssyni. Í bréfi Björns, sem m.a. hefur séð um heimasíðu félagsins, er fjallað um starfsskilyrði hans og störf fyrir LV. Fyrirliggjandi er að endurnýja samninga við hann.

Önnur mál. a) Tilnefning LV í stjórn Umhverfissjóðs sjókvíaeldis. Tilnefnd voru Þorgils Torfi Jónsson sem aðalmaður og Drífa Hjartardóttir sem varamaður.

b) Aðalfundur LV 2019 að Laugabakka í Miðfirði. Árni Snæbjörnsson hefur unnið og vinnur að undirbúningi fundarins.

c) Aðalfundur LV 2020. Ákveða staðsetningu. Stefnt er að fundi á Norðurlandi eystra. Jóni Benediktssyni og Jóni Helga falið að finna heppilegan fundarstað.

Fundarslit. Var þá dagskrá tæmd. Eftir skamma stund með óformlegu spjalli um landsins gagn og nauðsynjar þakkaði formaður öllum fyrir góðan fund og sagði honum síðan slitið.“

Fréttabréf LV: Ábm. Jón Helgi Björnsson, formaður LV
Landssamband veiðifélaga, Bændahöllinni v/Hagatorg, 107 Reykjavík
Sími: 563 0300
Heimasíða LV: www.angling.is Tölvupóstur: angling@angling.is